

Mál nr. 200/2015
M v. bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar X.

Bifreið ók yfir holu með tvö dekk sem skemmdust þann 1. janúar 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. maí 2015 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. júní 2015 ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur frá M þann 5. júní 2015 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni yfir holu á Suðurlandsvegi og lentu vinstra fram- og afturdekk ofan í holunni og skemmdust. Í upphaflegri tjónstilkynningu kemur fram að tjónsdagur sé 1. janúar 2015 kl. 05:00 en hún var send til V þann 8. janúar 2015. V hafnaði bótaskyldu með bréfi þann 27. janúar 2015 á þeim grundvelli að ekki væri sannað að tjónið væri að rekja til saknæmrar háttsemi X og að ekkert í gögnunum benti til þess að X hafi haft tök á því að bregðast við aðstæðum í tæka tíð.

M aflaði frekari gagna og ítrekaði kröfu sína þann 11. febrúar 2015. Enn var kröfu M hafnað af hálfu V, með þeim rökum að X hafi ekki vitað um þessa holu þegar M lendir í henni.

Í málskoti til nefndarinnar og í breytttri tjónstilkynningu er á því byggt að tjónsdagur sé 2. janúar 2015 kl. 05:00 en ekki 1. janúar 2015 eins og í upphaflegri tilkynningu. Fram kemur í svari V til nefndarinnar að V hafi fyrst fengið tilkynningu um holuna um kl. 21:40 þann 1. janúar 2015.

Álit.

Í fyrsta lagi er ágreiningur það hvenær tjónið gerðist, þ.e. hvort það gerðist 1. janúar 2015 eða 2. janúar 2015, kl. 05:00. Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli ber sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi orðið fyrir tjóni, m.a. hvenær það gerðist. Leggja verður upphaflega tjónstilkynningu M til grundvallar í málinu enda var henni ekki breytt fyrr en eftir að í ljós kom hvenær X vissi af holunni.

Í öðru lagi er ágreiningur um hvort X eigi að bæta M það tjón sem hann varð fyrir við að aka í holuna. Fyrir liggur að X vissi um holuna um kl. 21:40 þann 1. janúar 2015. Ekki hafa komið fram gögn eða aðrar sannanir fyrir því að X hafi vitað eða mátt vita um holuna á Suðurlandsveginum. Ekkert er framkomið sem bendir til þess að X hafi sýnt af sér gáleysi eða vanrækslu við veghaldið. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 3. júlí 2015.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.
Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.